



Bæjarstjórnarfundur nr. 1302

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2020

12. nóvember 2019





Megin atriði í fjárhagsáætlun 2020

- Rekstrarafkoma stefnir í að verða góð og mikilvægt er að viðhalda þeim árangri áfram og nýta þau tækifæri sem eru til staðar til uppbyggingar og þróunar í sveitarfélaginu.
- Sóknarfæri Akraneskaupstaðar og áskoranir á árinu 2020 eru:
 - Koma lóðum við Skógarhverfi og Sementsreit í söluferli og markaðssetja Akranes sem vænlegan kost til búsetu
 - Gera Akranes sýnilegra til atvinnuuppbyggingar í ljósi lækkunar fasteignagjalda til fyrirtækja.
 - Stuðla að auknum tækifærum í heilsutengdum málefnum í bæjarfélaginu í anda heilsueflandi samfélags.
 - Undirbúa sveitarfélagið fyrir fjórðu iðnbyltinguna með áherslu á sjálfvirknivæðingu og rafræna stjórnsýslu.
 - Bæta búsetuúrræði fatlaðra í samstarfi við þroskahjálp og vinna að varanlegri lausn fyrir Fjöliðjuna eftir bruna á árinu
 - Áframhaldandi vinna við menntastefnu eftir vel heppnað íbúáþing á árinu. Undirbúningur að uppbyggingu leikskóla og opnun fimleikahúss sem mun gjörbreyta aðstöðu til íþróttaiðkunar við Vesturgötu.






Brýnt að halda
góðum rekstrar-
árangri



Samstæðureikningur 2013-2023

Útkomuspá 2019 og áætlun 2020-2023 í milljónum króna

Rekstrarreikningur 2012-2022



Rekstrartekjur

Rekstrargjöld

Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði

Rekstrarafkoma, eftir óreglulega liði





Samstæða

Fjármálabrú raun 2018 til útkomuspár 2019

Rekstrarniðurstaða Samstæðu Akraneskaupstaðar frá rauntölum 2018 til útkomuspár 2019






Samstæðureikningur

Samanburður á áætlun og spá 2019

Útkomuspá vs áætlun 2019

- Rekstrartekjum er spáð að verði kr. 7.784 m.kr. árið 2019 eða um 129 mkr hærri en áætlun þar af:
 - Útsvar 50 mkr
 - Fasteignaskattar -17 mkr (undir áætlun)
 - Lóðaleiga á áætlun
 - Jöfnunarsjóður 78 mkr
 - Aðrar tekjur 18 mkr
- Rekstrargjöld á sama tímabili, að meðtöldum afskriftum, er spáð að verði kr. 7.615 m.kr. eða 115 mkr hærri en áætlun þar af:
 - Launagjöld 44 mkr
 - Lífeyrisskuldbinding 1 mkr
 - Annar rekstrarkostnaður 67 mkr
 - Afskriftir 2 mkr
- Rekstrarafkoma, fyrir óreglulega liði er spáð að verði 372 mkr eða 72 mkr hærri en áætlun
- Búist er við óreglulegum liðum í útkomuspá fyrir árið 2019 eins og áætlunir gerðu ráð fyrir en sala eigna á Dalbrautarreit er spáð að verði að fjárhæð 153 mkr eða 30 mkr hærri en áætlun


Rekstrarreikningur spá 2019 og áætlun 2019





Samstæða


Fjármálabrú áætlun 2019 til útkomuspár 2019





Samstæða

Fjármálabrú útkomuspá 2019 – áætlun 2020





Íbúapróun og
helstu forsendur



Helstu forsendur í áætlun ársins

- Álagt útsvar verður óbreytt eða 14,52% vegna launa ársins 2019.

- Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts lækka

15,97% lækkun á álagningarprósentu íbúðarhúsnæðis (úr 0,2865% í 0,2407%)

11,415% lækkun á álagningarprósentu húsnæðis fyrirtækja (úr 1,5804% í 1,4000%)

- Sorpgjöld fyrir hverja íbúð m.v. tvær sorptunnur:

Sorphreinsunargjald verður óbreytt kr. 18.786

Sorpeyðingargjald verður óbreytt kr. 16.021

- Lóðaleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum lækkar frá fyrra ári

20,47% lækkun og verði 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða

5,22% lækkun og verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða

- Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2019 eru fimmtánda hvers mánaðar frá janúar til október. Áfram er veitt ívilnun á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþegar í samræmi við reglur bæjarstjórnar Akraness.






Helstu forsendur í áætlun ársins frh.

- Almennar þjónustugjaldskrár hækka samkvæmt lífskjarasamningi um **2,5%** þann 1. janúar 2020.
- Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019 er gert fyrir **1380 m.kr.** til ýmissa verkefna á árinu 2020.
- Í almennt viðhald og húsumsjón eru áætlaðar um **137 m.kr.**
- Útgjöld vegna starfsemi á skóla- og frístundasviði aukast um **3,48%**
- Útgjöld vegna starfsemi á velferðar- og mannréttindasviði aukast um **3,82%**
- Útgjöld vegna starfsemi á skipulags- og umhverfissviði eru lækka um **1,14%**.
- Útgjöld vegna starfsemi sviði menningarmála hjá Akraneskaupstað lækka um **12,68%**
- Útgjöld vegna starfsemi sviði atvinnu- og ferðamála hjá Akraneskaupstað lækka um **31,37%**
- Útgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar hjá Akraneskaupstað aukast um **7,00%**
 - 130 m.kr. Er ráðstafað út á sviðin með viðaukum, aukning því ekki marktæk.





ÍBÚAÞRÓUN Á AKRANESI 2004-2019






Skirting einstakra
málaflokka



Skipting málaflokka


■ Áætlun 2020 ■ Áætlun m. viðaukum 2019





Þróun stöðugilda eftir málaflokkum 2017-2018 og áætlun 2019-2020

■ 2020 ■ 2019 ■ 2018 ■ 2017 ■ 2016




	Skóla- og frístundasvið	Velferðar- og mannréttindasvið	Skipulags- og umhverfissvið	Sameiginlegur kostnaður	Menningar- og safnamál	Atvinnu- og ferðamál
■ 2020	346,4	81,9	21,0	18,8	10,2	1,1
■ 2019	336,5	77,1	21,0	18,1	11,4	2,1
■ 2018	320,9	76,4	19,2	16,8	9,6	1,4
■ 2017	312,3	71,7	19,2	15,7	9,5	1,3
■ 2016	306,7	69,1	19,1	15,9	9,5	1,4





Stjórnarsýslu- og fjármálasvið


■ Áætlun m. viðaukum 2019 ■ Áætlun 2020





Skóla- og frístundasvið


■ Áætlun m. viðaukum 2019 ■ Áætlun 2020





Velferðar- og mannréttindasvið


■ Áætlun m. viðaukum 2019 ■ Áætlun 2020





Skipulags- og umhverfissvið


■ Áætlun m. viðaukum 2019 ■ Áætlun 2020





Menningar- og safnamál


■ Áætlun m. viðaukum 2019 ■ Áætlun 2020





Atvinnu- og ferðamál

■ Áætlun 2020 ■ Áætlun m. viðaukum 2019






Helstu tölur
fjárhagsáætlunar



Samstæðureikningur

Próun rekstrartekna

- Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur samtals nemi 7.784 m.kr. í útkomuspá 2019 og hækki um 1,8% frá árinu 2018.
- Rekstrartekjur á árinu 2020 eru áætlaðar 8.020 m.kr. og hækka því um 3,0% frá árinu 2019.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur hækki að meðaltali um 4,4% á tímabilinu 2020 til 2023 og endi í 9.227 m.kr. á árinu 2023.






Samstæðureikningur

Þróun rekstrartekna

- Útsvar, sem hlutfall af heildar rekstrartekjum, nam 53,7% á árinu 2018.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að útsvar, sem hlutfall af rekstrartekjum, aukist á tímabilinu í samræmi við hækkun launa og muni nema 58,3% á árinu 2023.
- Búist er við því að framlög Jöfnunarsjóðs hækki að meðaltali um 1,8% á spátímabilinu og því lækkar vægi þeirra á spátímabilinu og endi í um 14,7% á árinu 2022.
- Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar lækki um -1,1% milli árunna 2019 og 2020 og því lækkar vægi þeirra einnig sem hlutfall af heildartekjum. Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar hækki að meðaltali um 3,4% á árunum 2021 til 2023.
- Lóðarleiga er áætluð 0,6% í útkomuspá 2019 og er einnig áætluð 0,6% út spátímabilið.
- Aðrar tekjur, sem hlutfall af heildar rekstrartekjum, eru áætlaðar 20,7% í útgönguspá 2019 og verða að meðaltali 20,7% á spátímabilinu.

Hlutfall rekstrartekna






Samstæðureikningur

Rekstrargjöld

- Áætluð rekstrargjöld samtals í útgönguspá 2019 nema 7.615 m.kr. og hækka því um 578 m.kr. frá árinu 2018 eða um 8,2%.
- Rekstrargjöld samtals á árinu 2020 munu nema 7.814 m.kr. en það er aukning sem nemur tæpum 199 m.kr. eða um 2,6%.
- Þar munar mest um aukningu launa sem er áætlað að hækki 140 m.kr. eða sem nemur 2,8%.
- Áætluð lífeyrisskuldbinding á árinu 2020 nemur 455 m.kr. en það er 7,7% lækkun frá útkomuspá 2019 (32 m.kr.).
- Aukning heildarrekstrargjalda á tímabilinu 2020 til 2023 er á bilinu 2,6% til 6,0% en að meðaltali 4,5% á tímabilinu.

Þróun rekstrarkostnaðar






Samstæðureikningur

Rekstrargjöld

- Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir því að launagjöld verði áfram stærsti kostnaðarliðurinn og verði að meðaltali 66,4% á spátímabilinu.
- Launagjöld eru áætluð 65,4% í áætlun 2020 og eru því að hækka lítillega (0,2%) frá útkomuspá 2019.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 10 m.kr. frá útkomuspá 2019 og lækkar því hlutfallslega um -0,5% milli ára.
- Lífeyrisskuldbindingin hækkar um 32 m.kr. milli ára þ.e. frá 2019 til 2020 og verður 5,8% af heildarrekstrarkostnaði á árinu 2020.
- Lífeyrisskuldbindingin hefur lækkað talsvert, frá því að vera 6,7% af heildarrekstrargjöldum (2018) í það að verða 3,8% á árinu 2023 m.v. fjárhagsáætlun tímabilsins.

Rekstrargjöld sem hlutfall af heildar rekstrarkostnaði






Samstæðureikningur

Rekstrarniðurstaða

- Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð 206,6 m.kr. á árinu 2020 og rekstrarafkoma (hagnaður) er áætlaður 331 m.kr.
- Gert er ráð fyrir því að heildarrekstrartekjur aukist um 1.206 m.kr. á spátímabilinu (2020-2023) en heildarrekstrargjöld munu aukast um 1.242 m.kr. á sama tímabili.
- Rekstrargjöld samtals munu því aukast um tæpar 36 m.kr. umfram rekstrartekjur á spátímabilinu.
- EBITDA ársins 2020 er áætluð 444 m.kr. og EBITDA framlegðin 5,5%.
- EBITDA ársins 2020 mun því hækka um 53 m.kr. frá árinu 2019 og verða um 460 m.kr. á tímabilinu 2021 til 2023.
- Gert er ráð fyrir því að EBITDA framlegðin verði á bilinu 4,7% til 5,5% á spátímabilinu og nemi 5,5% í árslok 2023.

Þróun rekstrarafkomu






Samstæðureikningur

Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma samstæðu á árinu 2019, skv. útkomuspá, nemur tæpum 526 m.kr.
- Rekstrarafkoma á árinu 2020 er áætluð 331 m.kr. eða 4,1% sem hlutfall af rekstrartekjum og mun því lækka um 195 m.kr. milli ára 2019 og 2020.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarafkoma muni fara dvínandi á árunum 2020-2022 en aukast á árinu 2023.
- Samanlögð rekstrarafkoma spátímabilsins (2020-2023) nemur 1.186 m.kr. eða að meðaltali um 297 m.kr. á ári eða sem nemur 3,5%.

Þróun rekstrarafkomu






Samstæðureikningur

Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða (endurbætur & viðhald), nemur 331 m.kr. á árinu 2020.
- Þar af er rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði að fjárhæð 207 m.kr. og við það bætist fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, að fjárhæð 139 m.kr. eða samtals 346 m.kr.
- Því til lækkunar er fyrirhugaður kostnaður við endurbætur og viðhald að fjárhæð 15 m.kr.
- Rekstrarafkoma, fyrir óreglulega liði, á árunum 2013 til 2018 er að meðaltali 331 m.kr.
- Á árinu 2018 nam rekstrarhagnaður, fyrir óreglulega liði, 372 m.kr. við þá fjárhæð bættust 153 m.kr. sem var tilkominn vegna söluhagnaðs eigna.
- Rekstrarniðurstaða á árinu 2017 var lituð af gjaldfærslu á uppgjöri á lífeyrisskuldbindingu (-476,5 m.kr.).
- Uppgjör ríkisins á lífeyrisskuldbindingu Höfða á árinu 2016 (897,8 m.kr.) hafði einnig talsverð áhrif á rekstrarniðurstöðu samstæðunnar það ár.

Þróun rekstrarafkomu






Samstæðureikningur

Efnahagsreikningur

- Heildareignir samstæðu í árslok 2019, skv. útkomuspá, munu nema 14.192 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 6.683 m.kr. og eigið fé er áætlað 7.509 m.kr.
- Eiginfjárlutfall er áætlað 53% í árslok 2019 og gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir því að eiginfjárlutfall muni styrkjast á spátímabilinu og muni enda í 58% í árslok 2023.
- Fjárhagsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir því að fastafjármunir munu aukast um 333 m.kr. á spátímabilinu en að handbært fé muni aukast um 278 m.kr.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir áframhaldandi lækkun skulda og munu skuldir við lánastofnanir lækka um rúmar 464 m.kr. og heildarskuldir og skuldbindingar um rúmar 206 m.kr.

Þróun efnahagsreiknings






Samstæðureikningur

Efnahagsreikningur

- Áætlað er að eigið fé og skuldir í árslok 2019 munu nema samtals 14.753 m.kr., þar af munu skuldir og skuldbindingar samtals nema 6.894 m.kr. og eigið fé 7.859 m.kr.
- Eiginfjárlutfall í árslok 2019 mun því nema 53% en í árslok 2015 nam eiginfjárlutfall 45% og hefur eiginfjárlutfall því styrkst markvisst og mun nema 58% í árslok 2023.
- Skuldbindingar í árslok 2019 eru áætlaðar 4.139 m.kr. og hafa því hækkað um 7,2% frá árslokum 2015. Á sama tíma hafa langtímaskuldir lækkað um 18,3% og Eigið fé aukist um 41,3%.






Samstæðureikningur

Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu 2020 er áætlað 1.194 m.kr. og hækkar því um 67 m.kr. milli ára. Munar þar mest um breytingu skammtímalíða (143 m.kr.) og lægri rekstrarafkomu milli ára (-195 m.kr.).
- Fjárfestingahreyfingar ársins 2020 eru áætlaðar 1.290 m.kr. og eru því að aukast um 537 m.kr. milli ára og þar vegur þyngst frekari fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum um 518 m.kr.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins 2020 eru áætlaðar -381 m.kr. og þar af nema afborganir langtímalána -244 m.kr., innborgun á lífeyrisskuldbindingu -94 m.kr. en ný lán að fjárhæð 100 m.kr. á móti.
- Handbært fé í árslok 2020 er áætlað 1.610 m.kr. og lækkar því um -447 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir því að handbært fé lækki um 168 m.kr. á spátímabilinu, þ.e. frá árslokum 2019 til ársloka 2023.

Próun sjóðstreymis






Samstæðureikningur

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar síðustu þriggja ára, þ.e. samanlögð rekstrarafkoma á þriggja ára tímabili, verður að vera jákvæð skv. fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga og hefur sú verið raunin hjá Akraneskaupstað.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarjöfnuður ársins 2020 muni nema 1.683 m.kr. í árslok 2020.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hafa farið jafnt og þétt lækkandi síðustu ár og verða 27,1% í árslok 2020.
- Hámark skuldaviðmiðs sveitarfélaga er 150% en skv. fjárhagsáætlun verður skuldaviðmiðið komið í 20,6% í árslok 2023.

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga






Samstæðureikningur

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar frá 2012 hefur tekið stakkaskiptum, frá því að vera neikvæður árið 2012 og 2013 yfir í það að vera jákvæður um 1.592 m.kr. árið 2019 skv. útkomuspá.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hefur einnig tekið umtalsverðum breytingum frá árinu 2012, þ.e.a.s. það hefur farið úr 109% niður í 27% og mun nema 21% í árslok 2023.






Samstæðureikningur

Lykiltölur

- Skuldahlutfall, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið lækkandi og er áætlað 84% í árslok 2020. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir áframhaldandi lækkun og mun hlutfallið nema 71% í árslok 2023.
- Eiginfjárhlutfallið er sterkt og mun nema 55% í árslok 2020, gert er ráð fyrir því að styrkja það enn fremur og mun það nema 58% í árslok 2023.
- EBITDA framlegð er áætluð 5,5% í árslok 2020 og í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að halda því í svipuðu hlutfalli út spátímenn.
- Veltufé frá rekstri er áætlað 14% í árslok 2020 og mun að meðaltali vera 12% út spátímabilið.
- Veltufjárhlutfallið er mjög sterkt í árslok 2019, þ.e. 2,1 en það mun lækka í samræmi við aukna fjárfestingu en verður þó sterkt eða á bilinu 1,5 til 1,8 út spátímabilið. Samstæðan verður því áfram vel í stakk búin til að mæta nauðsynlegum greiðslum til næstu 12 mánaða á hverjum tímapunkti.

Lykiltölur






Samstæðureikningur

Lykiltölur

- Skuldahlutfall, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið markvisst lækkandi frá árinu 2012 þegar það nam 143% niður í 86,9% (2019) og ef fjárhagsáætlunin gengur eftir mun skuldahlutfallið standa í 71,0% í árslok 2023.
- Eiginfjárhlutfallið hefur að sama skapi farið hækkandi, frá því að standa í 43% í lok árs 2012 yfir í það að standa í 53% í árslok 2019.

Próun lykiltalna






Samstæðureikningur

Lykiltölur

- EBITDA framlegð náði ákveðnu hámarki á árunum 2017 og 2018 en núverandi fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að EBITDA framlegð verði um 5,2% á spátímabilinu sem er í takt við meðaltal árunna 2012-2016 sem var um 4,4%.
- Útkomuspá ársins 2019 gerir ráð fyrir 4,9% EBITDA framlegð og að EBITDA framlegð ársins 2020 muni nema 5,5%.






Samstæðureikningur

Lykiltölur

- Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, er 2,1 skv. útkomuspá ársins 2019. Það er talsvert yfir meðaltali veltufjárshlutfalli árunna 2012 til 2018 sem nemur 1,5.
- Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.

Þróun veltufjárhlutfalls






A- hluti

Rekstrartekjur og gjöld

- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur samtals muni hækka um 1.304 m.kr. á spátímabilinu þ.e. frá árslokum 2019 til ársloka 2023 eða sem nemur að meðaltali um 3,8%.
- Rekstrargjöld munu á sama tíma hækka um 1.317 m.kr. eða að meðaltali um 5,4%.

Þróun rekstrartekna og rekstrargjalda, A- hluti






A- hluti

Rekstrartekjur

- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að útsvar muni hækka um 1.027 m.kr. á spátímabilinu eða um 5,6% að meðaltali.
- Fasteignaskattar eru áætlaðir að muni hækka um 49 m.kr. eða að meðaltali um 4,6%.
- Framlag Jöfnunarsjóðs er áætlað að muni hækka um 94 m.kr. eða að meðaltali um -0,4% á spátímabilinu þar sem gert er ráð fyrir því að framlagið lækki milli árána 2018 og 2019.
- Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar að muni hækka um 129 m.kr. eða að meðaltali um 1,8%.
- Áætlað er að rekstrartekjur alls muni hækka um 1.304 m.kr. eða að meðaltali um 3,8% á spátímabilinu.

Próun rekstrartekna






A- hluti

Rekstrargjöld

- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrargjöld samtals muni hækka um 1.318 m.kr. á spátímabilinu þ.e. frá árslokum 2019 til ársloka 2023.
- Munar þar mest um áætlaða hækkun launagjalda eða sem nemur 1.022, en launagjöld eru 77,6% af áætluðum heildar hækkunum rekstrargjalda á spátímabilinu.
- Annar rekstrarkostnaður er áætlaður að hækki um samtals 259 m.kr. eða að meðaltali um 19,7% á spátímabilinu.
- Rekstrargjöld samtals eru áætluð að muni hækka árlega að meðaltali um 4,6%.






A- hluti

Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma A- hluta fyrir óreglulega liði er áætluð 346 m.kr. á árinu 2020.
- Rekstrarafkoma A- hluta fyrir óreglulega liði á árinu 2019 er svipaður árinu 2020 og nemur 385 m.kr. en þar koma inn óreglulegir liðir m.a. sala á byggingarétt að fjárhæð 123,5 m.kr.
- Rekstrarafkoma að teknu tilliti til óreglulegra liða á spátímabilinu nemur samtals 1.194 m.kr.
- Rekstrarafkoma sem hlutfall af rekstrartekjum á árinu 2020 er áætlað 4,9% en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að þetta hlutfall sé að meðaltali 3,9% á spátímabilinu þ.e. á árunum 2020 til 2023.

Þróun rekstrarafkomu






A- hluti

EBITDA

- EBITDA A- hlutans á árinu 2020 er áætluð 402 m.kr. eða sem nemur 5,7% EBITDA framlegðarhlutfalli.
- EBITDA framlegð spátímabilsins er að meðaltali 5,4% þ.e. á árunum 2020 til og með 2023.
- EBITDA spátímabilsins nemur samtals 1.639 m.kr. eða að meðaltali 410 m.kr. á ári.






A- hluti

Efnahagsreikningur

- Heildareignir A- hluta í árslok 2020 eru áætlaðar 14.304 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar á sama tíma eru áætlaðar 6.277 m.kr. og eigið fé er áætlað 8.028 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall er áætlað 56% í árslok 2020 og gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir því að eiginfjárhlutfall muni styrkjast á spátímabilinu og muni endi í 59% í árslok 2023.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að fasteignir og lóðir munu aukast um 474 m.kr. á spátímabilinu en að handbært fé muni lækka um 233 m.kr.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir áframhaldandi lækkun skulda og munu skuldir við lánastofnanir lækka um rúmar 794 m.kr. og heildarskuldir og skuldbindingar lækka um rúmar 381 m.kr.






A- hluti

Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu 2020 er áætlað 1.210 m.kr. og eykst því um 100 m.kr. milli ára. Munar þar mest um breytingu á skammtímalíðum (143 m.kr.).
- Fjárfestingahreyfingar ársins 2020 eru áætlaðar -1.205 m.kr. og eru því að aukast um -452 m.kr. og þar vegur þyngst fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð -433 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar ársins 2020 eru áætlaðar -461 m.kr. og þar af nema afborganir langtímalána 226 m.kr.
- Handbært fé í árslok 2020 er áætlað 1.482 m.kr. og lækkar því um -456 m.kr. milli ára. Fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir því að handbært fé lækki um tæpar -233 m.kr. á spátímabilinu, þ.e. frá árslokum 2019 til ársloka 2023.

Þróun sjóðstreymis






A- hluti

Lykiltölur

- Skuldahlutfall, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið lækkandi og stefnir í 89% í árslok 2020. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir áframhaldandi lækkun og mun hlutfallið nema 75% í árslok 2023.
- Eiginfjárhlutfallið er sterkt og mun nema 56% í árslok 2020, gert er ráð fyrir því að styrkja það enn fremur og mun það nema 59% í árslok 2023.
- EBITDA framlegð nam 4,3% í árslok 2016 og mun nema 5,7% í árslok 2020. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að EBITDA hlutfall haldist stöðugt á spátímabili og nema 5,7% í árslok 2023.
- Veltufjárhlutfallið er mjög sterkt í árslok 2019, þ.e. 2,2 en það mun lækka í samræmi við aukna fjárfestingu en verður þó sterkt á bilinu 1,5 til 1,8 út spátímabilið. Samstæðan verður því áfram vel í stakk búin til að mæta nauðsynlegum greiðslum til næstu 12 mánaða á hverjum tímapunkti.

Lykiltölur






A- hluti

Þróun launakostnaðar

- Rekstrartekjur frá árinu 2013 til ársloka 2019 hafa hækkað um 54,1% ef miðað er við útkomuspá 2019.
- Launagjöld hafa hækkað um 72% á sama tímabili en lífeyrisskuldbinding hækkaði um 161,5% á sama tíma. Hækkaði úr 160,8 m.kr. í 421 m.kr. Samtals hækkuðu launagjöld og lífeyrisskuldbinding um 77,6% á því tímabili.
- Launavísitalan hækkaði um 11,3% á árunum 2015 og 2016 og fyrir vikið hækkaði lífeyrisskuldbindingin talsvert vegna umsamdra launahækkanna sem og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum (væntur hærri lífaldur og vænt hækkun launa umfram verðbólgu).
- Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur samtals muni hækka um 19,1% á tímabilinu 2019 til 2023.
- Á sama tímabili er gert ráð fyrir því að launagjöld og lífeyrisskuldbinding muni hækka samtals um 20,7%.

Þróun launagjalda og lífeyrisskuldbindinga






A- hluti

Þróun launakostnaðar

- Launagjöld A- hluta, sem hlutfall af rekstrartekjum samtals, hefur hækkað úr tæpum 55% í 61% m.v. útkomuspá 2019. Meðaltal áráanna 2013 til 2019 nemur 57% og eru launagjöld því komin yfir meðaltal síðustu ára.
- Ef tekið er tillit til lífeyrisskuldbindinga þá námu launagjöld og lífeyrisskuldbinding samtals 67,2% af heildarrekstrartekjum A- hlutans á árinu 2019.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að launagjöld og lífeyrisskuldbinding fari lítillega hækkandi sem hlutfall af heildar rekstrartekjum A- hluta og verði komið í 68,1% í árslok 2023.






B- hluti

Rekstrarreikningur

- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur B- hluta á árinu 2020 nemi rúmum milljarði króna (1.106 m.kr.) og að rekstrargjöld muni nema 1.091 m.kr.
- Rekstrarafkoma á árinu 2020, fyrir fjármagnsliði, er áætluð jákvæð að fjárhæð 15,6 m.kr.
- Fjármagnsgjöld eru áætluð 15,8 m.kr. umfram fjármagnstekjur og því verður rekstrarafkoma, fyrir óreglulega liði, neikvæð sem nemur 182 þ.kr. á árinu 2020.
- Rekstrarafkoma B-hlutans að teknu tilliti til óreglulegra liða er neikvæð og nemur -15,2 m.kr.

Þróun rekstrarreiknings B- hluta






Aðalsjóður

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs

- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, fyrir fjármagnsliði, er neikvæður um samtals -171 m.kr. á tímabilinu 2009 til ársloka 2018.
- Fjármagnstekjur Aðalsjóðs, umfram fjármagnsgjöld, á sama tíma nema samtals 2.619 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs er þar af leiðandi jákvæð sem nemur 2.447 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2018 nemur 775,7 m.kr. og nemur 11,5% sem hlutfalli af heildar rekstrartekjum.






Eignasjóður

Rekstrarafkoma Eignasjóðs

- Rekstrarafkoma Eignasjóðs á sama tímabili, þ.e. 2009 til 2018, fyrir fjármagnsliði er jákvæður sem nemur 1.733 m.kr.
- Af heildartekjum Eignasjóðs er Innri leiga að meðaltali 90% af heildartekjum Eignasjóðs á tímabilinu 2009 til 2018.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur eru neikvæð sem nemur -1.295 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma samtals á tímabilinu, þ.e. 2009 til 2018, er jákvæð að fjárhæð 508 m.kr.






Aðalsjóður og Eignasjóður

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs og Eignasjóðs

- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs fyrir fjármagnsliði á tímabilinu 2009-2018 er neikvæð sem nemur rúmlega -171 m.kr., rekstrarafkoma Eignasjóðs á sama tíma er jákvæð sem nemur 1.733 m.kr. Rekstrarafkoma nettó er því 1.561 m.kr.
- Fjármagnsliðir Aðalsjóðs á tímabilinu nema rúmlega 2.619 m.kr. en fjármagnsliðir Eignasjóðs eru neikvæðir sem nema samtals -1.295 m.kr. Nettó fjármagnsliðir Aðal- og Eignasjóðs eru því 1.323 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, að teknu tilliti til óreglulegra liða, á tímabilinu nemur 1.940 m.kr. og rekstrarafkoma Eignasjóðs nemur 508 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðal- og Eignasjóðs samtals nemur því 2.449 m.kr.

Aðalsjóður samanborið við Eignasjóð





Rekstur sviða/deilda í Aðalsjóð

Áætlaður rekstur deilda/sviða á árinu 2020

- Skatttekjur Aðalsjóðs á árinu 2020 eru áætlaðar 6.425 m.kr., þ.e. skatttekjur 5.166 m.kr. og framlag Jöfnunarsjóðs 1.258 m.kr.
- Áætlaður rekstur sviða/deilda Aðalsjóðs á árinu 2020 nemur samtals 7.359 m.kr.
- Áætlað rekstrarhagnaður, fyrir fjármagnsliði, nemur því 11,4 m.kr.
- Áætlaðir jákvæðir fjármagnsliðir nema samtals 443 m.kr. og því er áætluð rekstrarafkoma Aðalsjóðs að teknu tilliti til fjármagnstekna jákvæð um 454,3 m.kr.
- Aðrir sjóðir í A- hluta skila neikvæðri rekstrarafkomu að fjárhæð -108,3 m.kr. og því nemur rekstrarafkoma A- hluta samtals 346 m.kr.

Skatttekjur Aðalsjóðs samtals

6.424.767

Áætlaður rekstur sviða/deilda 2019	Tekjur	Laun & launatengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Lífeyris skuld-binding	Gjöld samtals	Rekstrar- niðurstaða
Sameiginlegur kostnaður	51.103	345.814	243.979	430.297	1.020.090	-968.987
Skóla- og frístundasvið	633.701	2.841.103	1.291.528		4.132.631	-3.498.930
Velferðar- og mannréttindasvið	98.839	760.564	450.561		1.211.125	-1.112.286
Skipulags- og umhverfissvið	154.456	191.440	537.280		728.720	-574.264
Menningarmál	3.932	64.991	174.487		239.478	-235.546
Atvinnu- og ferðamál	3.960	9.921	17.402		27.323	-23.363
	945.991	4.213.833	2.715.237	430.297	7.359.367	-6.413.376

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Afkoma fyrir fjármagnsliði 11.391

Fjármagnsliðir 442.942

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs 454.333

Aðrir sjóðir í A- hluta Rekstrar- niðurstaða

Eignasjóður -73.471

Fast.fél. Akraneskaupst. Sif. -35.214

Byggðasafnið í Görðum 405

Innri færslur A- hluta 0

Millifærslur 0

-108.280

Rekstrarniðurstaða A- hluta 346.053





Rekstur sviða/deilda í Aðalsjóð

Áætlaður rekstur deilda/sviða á árinu 2020

- Áætlaðar tekjur samtals eru að dragast saman um 14 m.kr. frá árinu 2017 til ársloka 2020.
- Áætluð laun og launatengd gjöld eru að aukast um tæpar 357,5 m.kr. eða sem nemur 9,3%.
- Áætlað er að rekstrarniðurstaða (tap) samtals aukist um 765 m.kr.
- Þar af er kostnaður við skóla- og frístundasvið að aukast um 633 m.kr. frá árinu 2017 eða sem nemur 22,1%.
- Rekstrarkostnaður við Velferðar- og mannréttindasvið að aukast um 230 m.kr. eða sem nemur 26%.

Rekstrartekjur	2017	2018	2019 E	2020 E	Br. frá 2017 í %	Br. frá 2017 í kr.
Sameiginlegur kostnaður	48.280	44.503	39.671	51.103	5,8%	2.823
Skóla- og frístundasvið	612.420	642.493	615.313	633.701	3,5%	21.281
Velferðar- og mannréttindasvið	108.536	117.030	117.906	98.839	-8,9%	-9.697
Skipulags- og umhverfissvið	169.031	172.922	150.104	154.456	-8,6%	-14.575
Menningarmál	8.206	6.174	4.369	3.932	-52,1%	-4.274
Atvinnu- og ferðamál	13.851	4.652	3.729	3.960	-71,4%	-9.891
	960.324	987.774	931.092	945.991	-1,5%	-14.333

Laun & launatengd gjöld	2017	2018	2019 E	2020 E	Br. frá 2017 í %	Br. frá 2017 í kr.
Sameiginlegur kostnaður	671.491	233.091	320.751	345.814	-48,5%	-325.677
Skóla- og frístundasvið	2.381.734	2.545.521	2.758.336	2.841.103	19,3%	459.369
Velferðar- og mannréttindasvið	579.929	625.981	701.059	760.564	31,1%	180.635
Skipulags- og umhverfissvið	148.153	166.612	188.728	191.440	29,2%	43.287
Menningarmál	57.744	61.869	63.415	64.991	12,6%	7.247
Atvinnu- og ferðamál	17.249	9.704	17.531	9.921	-42,5%	-7.328
	3.856.300	3.642.778	4.049.820	4.213.833	9,3%	357.533

Annar rekstrarkostnaður	2017	2018	2019 E	2020 E	Br. frá 2017 í %	Br. frá 2017 í kr.
Sameiginlegur kostnaður	179.209	194.500	227.956	243.979	36,1%	64.770
Skóla- og frístundasvið	1.096.431	1.203.669	1.238.321	1.291.528	17,8%	195.097
Velferðar- og mannréttindasvið	411.138	448.127	488.210	450.561	9,6%	39.423
Skipulags- og umhverfissvið	499.594	518.534	542.284	537.280	7,5%	37.686
Menningarmál	155.163	179.765	210.721	174.487	12,5%	19.324
Atvinnu- og ferðamál	19.489	18.351	21.341	17.402	-10,7%	-2.087
	2.361.024	2.562.946	2.728.833	2.715.237	15,0%	354.213

Rekstrarniðurstaða samtals	2017	2018	2019 E	2020 E	Br. frá 2017 í %	Br. frá 2017 í kr.
Sameiginlegur kostnaður	-1.193.702	-835.266	-905.622	-968.987	-18,8%	224.715
Skóla- og frístundasvið	-2.865.744	-3.106.697	-3.381.344	-3.498.930	22,1%	-633.186
Velferðar- og mannréttindasvið	-882.531	-957.078	-1.071.363	-1.112.286	26,0%	-229.755
Skipulags- og umhverfissvið	-478.716	-512.224	-580.908	-574.264	20,0%	-95.548
Menningarmál	-204.701	-235.460	-269.767	-235.546	15,1%	-30.845
Atvinnu- og ferðamál	-22.887	-23.403	-35.143	-23.363	2,1%	-476
	-5.648.281	-5.670.128	-6.244.147	-6.413.376	13,5%	-765.095



Akranes

Bær í uppbyggingu

Í fjárfestinga og framkvæmdaráætlun er gert ráð fyrir 1286 mkr í fjárfestingar árið 2020



Leikskóli

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 er gert ráð fyrir byggingu nýs leikskóla í Skógarhverfinu.

Hönnun hefst strax í upphafi nýs árs og verður að hafist handa við byggingu á haustmánuðum.

Kostnaður samtals 160 m.kr. og endurgreiðsla á móti samtals kr. 31 m.kr.



Fjöliðjan

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 er gert ráð fyrir uppbyggingu Fjöliðjunar

Kostnaður samtals 40 m.kr.



Brekkubæjarskóli

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun

2020 er gert ráð áframhaldandi

breytingum í Brekkubæjarskóla

Kostnaður samtals 38 m.kr.



Félagsstarf aldraða
Búsetukjarni

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun
2020 er gert ráð fyrir áframhaldandi
uppbyggingu á Dalbrautarreit

Kostnaður samtals 315 m.kr.

(Yfirfærsla milli ára 205 m.kr.)

Gatnaframkvæmdir

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 er gert ráð fyrir 210 m.kr. í gatnaframkvæmdir

Á árinu verður farið í gataframkvæmd við Faxabraut, Suðurgata og Garðagrund sem og einnig í yfirfærsla frá 2019 vegna Flóahverfis

Göngustígar, opin svæði og fleira

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 er gert ráð fyrir áframhaldandi gerð göngustíga og öðrum verkefnum á opnum svæðum:

Stofnstígar/reiðstígar 18 m.kr.

Endurnýjun ljósastaura 5 m.kr.

Gangstéttar 22,5 m.kr.

Leikvellir 4 m.kr.

Stofnanalóðir 36,5 m.kr.

Græn verkefni 4 m.kr.

Kaldur pottur

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir köldum potti á Jaðarsbakka.

Kostnaður er samtals 12 m.kr.

Byggingarlýsing:

Um er að neða steinsteypta laug sem getur náað allri að 3 manneskjur. Rúmmál laugar er 2,7 m³. Gert er ráð fyrir að laugin verði forsteypt og síðan flisaðgö á staðnum með 15x15mm mósaklissum. Kall vatn verður í lauginni og verður laugin tengd neysluvatnslögn og frárenneti. Yfirflótt verður umhverfis laugina. Styrting á höfnæmi vatns í lauginni verður framkvæmt með nauðsynlegri endurnýjun vatns reglulegum málningum og klórínólum eljir þörfum.

Öll mál skal staðfesta á s...



Slökkvilið Akraness og
Hvalfjarðarsveitar

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun
2020 er gert ráð fyrir nýjum körfubíl
og endurnýjun búnaðar

Kostnaður samtals 55 m.kr.



Fimleikahús

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 er gert ráð áframhaldandi byggingu fimleikahúss.

Kostnaður samtals 515 m.kr. og endurgreiðsla vsk. á móti samtals 99,6m.kr.

Esju-Eringarhúsið



Reiðskemma

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 er gert ráð fyrir byggingu reiðskemma hjá Hestamannafélaginu Dreyra.

Kostnaður samtals 97 m.kr. og endurgreiðsla vsk á móti samtals 18,3 m.kr. ásamt 10 m.kr. styrk frá Hvalfjarðarsveit og 21,5 m.kr. greiðslu frá Dreyra.



Önnur verkefni

Endurnýjun tölvubúnaðar í skólum **15,7 m.kr.**

Endurnýjun bíla **8 m.kr.**

Hleðslustöðvar við fjölbýli og stofnanir **5 m.kr.**

Jólaskreytingar **2,5 m.kr.**

Jaðarsbakkar aðalvöllur og stúka **10 m.kr.**

Veðurstöðvar **1 m.kr.**

Stuðning við uppbyggingu íbúða **18 m.kr.**

Bátaskýli **5 m.kr.**

Byggðasafn viðhald **10 m.kr.**

Skipulagsmál **5 m.kr.**

Umferðaröryggi **10 m.kr.**

Breið/Langisandur **4 m.k.**

Sements- og Dalbrautarr. **23 m.kr.**

Annað ótilgreint **7 m.kr.**



Samtals **124,2 m.kr.**

